

14. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttar-, æskulýðsnefndFræðslu-,menningar-,íþróttar-, æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu 38, 5. desember 2016 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) formaður, Krístrún Guðjónsdóttir (KG) aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ) aðalmaður, Helga Birna Berthelsen (HBB) embættismaður, Elísabet Kjartansdóttir (EK) áheyrnafulltrúi og Indriði Indriðason (II) sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Eva Dögg Jóhannesdóttir, Nefndarmaður

Dagskrá:

2. Námsgagnasjóður: nýjar úthlutunarreglur - 1611033

Til kynningar

1. Bréf frá Menntamálaráðuneytinu til skólaráðs - 1610034

Menntamálaráðuneytir mun láta fara fram úttekt á Tálknafjarðarskóla á árinu 2017. Gera þarf nýjan samning við Hjallastefnuna um rekstur Tálknafjarðarskóla og telur nefndin það ráðlegt að ganga frá því sem fyrst og leggur til að hann sé gerður til lengri tíma og telur 5 ár vera heppilegan tíma. Meðfylgjandi er ljósrit af fundargerð skólaráðs sem fram fór 31. Október sl.

Samþykkt samhljóða

3. Upplýsingargjöf skólastjóra - 1608022

Grænfáni var afhentur 1. des og var því fagnað með heitu kakói og grilli sem var mjög gaman. Hópaþverkefni sem var á undan heppnaðist mjög vel, þar stýrðu unglingar krökkum niður í 6 ára og hafði verkefnið heitið Hnatrænt jafnrétti sem er þema hjá Landvernd en frétt er komin á forsíðu Landverndar.

Landvernd mun heimsækja skólann á hverju ári vegna grænfánans, unnið hefur verið í grænfánaþverkefni í 12 ár.

Bjarni Snæbjörns kom og var með leiklistanámskeið fyrir unglunga og rætt var að hann kæmi næsta að hausti og tæki þá allan skóla á námskeið og þá mögulega fyrir árshátíð. Jón Pétur kom og var með dans í 4 daga fyrir allan skólann nema leikskóladeild en hann tekur yngst 5 ára börn og það eru engin börn eldri en 4ra í leikskóladeild.

Breytingar á starfsfólki, tvær eru í veikindafríu í leikskóladeild, Ástrós Ýr er því nýr starfsmaður á yngstu deildinni (Hvíta kjarna). Hún starfar fram í mars á næsta ári en þá geta börnin á hvíta kjarna færst yfir á eldi kjarna.

Skólinn virðist vera vinsæll vinnustaður en reglulega koma fyrirspurnir um starf á borð skólastjóra sem hún heldur vel utanum.

Sturla og Kristín eru í heimsókn og námsmat er í gangi.

Enn er mjög dimmt á leikskólalóð og það verður að bæta úr því. Fjölnir Freyson mun koma milli jóla og nýárs og setja upp öryggiskerfi í skólanum og vonandi ljósin.

Jólaball Tálknafjarðarskóla verður haldið föstudaginn 16. desember nk.

Annars gengur allt ljómandi vel í skólanum öllum

Kristín: Fjarkennslan tekur framförum en bæta verður úr netsambandi og ljósleiðari verður að komast í lag. Tæknin þarf auðvitað að vera í lagi.

4. Leikskóli: gjaldskrá - 1611032

Máli frestað og formanni falið að óska eftir frekari gögnum.

5. Reglur Tálknafjarðarhrepps um foreldragreiðslur vegna gæslu barns hjá öðrum en dagforeldrum. - 1612003

Máli frestað

6. HHF : Aukin rekstrarstyrkur til HHF árið 2017 vegna íþróttaskóla - 1611066

*Nefndinni þykir starf sem unnið er innan HHF mjög mikilvægt fyrir samfélagið og að börnin komist strax að loknum skóla í íþróttaskóla hefur verið mikilvægt foreldrum og virkað að vissu leyti sem lengd viðvera. Starfsmenn íþróttaskólans hafa talað um það hvað börnum fer mikið fram í íþróttum eftir að starfssemi hófst. Nefndin vill þess vegna ítreka hvesu mikilvægt starf henni þykir vera unnið í HHF og telur eðlilegt að framlag sé endurskoðað í samræmi við þörf.
Samþykkt samhljóða*

8. Jólatri: Ljós kveikt á jólatriinu við Lækjartorg. - 1611072

*Nefndin leggur til að ljós verði tendruð 1. Í aðventu ár hvert svo hefð geti skapast í kringum þessa athöfn. Þar sem 1. Í aðventu er nú liðinn leggur nefndin til að kveikt verði á ljósum 3. Í aðventu og tekur Eva Dögg Jóhannesdóttir að sér að skipuleggja atburðinn í samráði við sveitarstjóra.
Samþykkt samhljóða*

7. Tillaga að gjaldskrá vegna íþróttahúss 2017 - 1610037

*Nefndin telur eðlilegt að gjaldskrá sé yfirfarin og samræmd við verðlag annara sambærilegra íþróttamiðstöðva.
Samþykkt samhljóða*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:09.

14. fundur
20. desember 2016

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir
(GSB)

Kristrún Guðjónsdóttir (KG)

Eva Dögg Jóhannesdóttir
(EDJ)

Helga Birna Berthelsen (HBB)

Elísabet Kjartansdóttir (EK)

Indriði Indriðason (II)